


Kristján Steingrímur - „Ég er rétt að byrja“

„Það er norðangarri“

Mig langar til að valda vandræðum,“ segir Kristján Steingrímur Jónsson, friðsemdin uppmáluð. „Myndrænum vandræðum,“ bætir hann við til skýringar. „Mig langar til þess að fólk líti á myndirnar mínar og þurfi að glíma svolítið við þær — út á hvað þær ganga. Ég veit það reyndar ekkert endilega í öllum smáatriðum sjálfur; *mér* þykir nefnilega líka gaman að glíma við vandræði.“

Rætt við Kristján Steingrím, þrítugan Akureyring, sem búinn er að stunda framhaldsnám í myndlist í Þýskalandi og sýnir nú á Kjarvalsstöðum.

Eftir ILLUGA JÖKULSSON

Kristján Steingrímur er að opna fyrstu stóru einkasýningu sína síðan hann kom heim frá myndlistarnámi í Þýskalandi síðastliðið vor. Hún er haldin á Kjarvalsstöðum en það var einmitt þar sem Kristján sýndi síðast verk sín á Íslandi en það var á samsýningu ungra myndlistarmanna, IBM-sýningunni svokölluðu. Hann sýndi líka á Kjarvalsstöðum árið 1984 ásamt þremur félögum sínum; þeim Árna Ingólfssyni, Tuma Magnússyni og Daða Guðbjörnssyni. Einkasýningu hélt hann í Rauða húsinu á Akureyri árið áður og 1982 var hann einn forsprakkanna að samsýningu sjö myndlistarmanna í Norræna sem vakti töluverða athygli enda má segja að þar hafi „nýja málverkið margumtalaða einna fyrst komið fram fyrir alvöru á Íslandi. Auk Kristjáns sýndu þar þeir Tumi og Daði, Ragna Hermannsdóttir, Ómar Stefánsson, Þorlákur Kristinsson, alias Tolli, og Pétur Magnússon, bróðir Tuma. Allt þetta fólk var í fararbroddi fyrir þeirri hreyfingu sem kennd var við „nýja málverkið“; ennfremur má nefna Helga Þorgils Friðjónsson, Kristin Guðbrand Harðarson og fleiri. En eftir að hafa staðið í ströngu í byrjun hvarf Kristján Steingrímur af sjónarsviðinu og í nokkur ár hefur lítið borið á honum. Hann fór utan til náms, eins og áður kom fram; hélt til Hamborgar þar sem er *Hochschüle für Bildende Künste* og lærði þar undir handarjaðri prófessors Bernds Koberling, sem sjálfur mun vera í flokki virtustu málara Þjóðverja um þessar mundir. Öllu nær kemur Kristján nú heim á nýjan leik og fer mikinn, bjartsýnn og ódeigur; hann ætlar að leggja undir sig allan vestursal Kjarvalsstaða og gott ef ekki gangana líka. Hann hefur tröllatrú á myndunum sínum þó vitaskuld búist hann varla við því að sigra heiminn svo nýskriðinn úr námi. Samt segir hann að það hafi verið tómur misskilningur að hann fór að fást við myndlist á sínum tíma.

„Ég gerði það að minnsta kosti alveg að vanhugsuðu máli og án þess að hafa mikla hugmynd um hvað ég var að fara út í. Það er engin myndlistarhefð í minni fjölskyldu og reyndar enginn sérstakur áhugi á listum yfirleitt, nema ef ég ætti að telja pabba heitinn, Jón Rögnvaldsson. Hann var kunnur garðyrkjumaður á Akureyri á sínum tíma, fæddist 1893, og fékkst ekki síst við skrautjurtir og þess háttar. Lystigarðurinn á Akureyri er náttúrlega *listagarður* á sinn hátt og þar kom pabbi gamli mjög við sögu. Ég veit ekki hvort ég hef erft eitthvert *dekóratíft element* frá honum, það getur verið.“

Máladi Kenningar Lenins

Kristján er fæddur á Akureyri hinn 13. apríl 1957 og ólst þar upp. Fáum sögum fer af æsku hans fyrstu árin, fyrr en hann var orðinn svona þrettán ára gamall. Þá . . .

„. . . veit ég ekki hvað kom yfir mig. Ég fór að dunda við að mála upp úr þurru og sú árátta varð sífellt sterkari. Kannski var þetta bara gelgjuskeiðið; um svipað leyti gerðist ég nefnilega líka allt í einu gríðarlegur kommúnisti. Þetta var á árunum um og upp úr 1972 þegar eiginlega allir voru einhvers konar kommúnistar og ég tók bæði pólitíkina og myndlistina ógurlega hátíðlega; mætti á sellufundi með hippum sem voru miklu eldri en ég og ég fór að mála *sósíalrealískar* myndir af verkalýðnum að veifa rauðum fánum og þess háttar. Ég efast um að nokkur myndlistarmaður á Íslandi fyrr og síðar hafi málað kenningar Lenins af jafn mikilli trúmennsku og ég, barnið, gerði á þessum árum!“

Smátt og smátt eltist Marxisminn af Kristjáni eins og gengur en myndlistaráhuginn stóð eftir. Hann sótti kvöldtíma í myndlist á Akureyri jafnhliða skóla og vinnu og um tvítugt sá hann að þá var að duga eða drepast. Hann fór suður haustið 1977 og settist í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Eftir tveggja ára forskóla, eða hvað það er nú kallað, hugðist hann í fyrstu setjast í grafíkdeildina en stóð stutt við þar, nánar tiltekið í um það bil hálfa klukkustund. Þá lenti hann í einhverri stælu við kennara sinn og úr því hann hafði hvort sem er ekki verið viss um að grafíkin væri alveg rétti vettvangurinn fyrir sig tók hann hatt sinn og staf og labbaði sér yfir í nýlistadeild.

Þaðan útskrifaðist hann vorið 1982 og sat því í nýlistadeildinni þau misseri sem mestar deilur stóðu um hana hérlendis. Um þá tíma hefur margt verið rætt og ritað síðan og það er auðheyrt að Kristján nennir varla að eyða miklum tíma í vangaveltur um nýlistadeildina.

„Við vorum í skóla og það var bara eðlilegt að við prófuðum okkur áfram með alla hugsanlega tjáningarmiðla og form. Við vorum að dufla við ljósmyndun, gjörninga, uppákomur, tónlist, bókagerð og svo framvegis og ég er mjög sáttur við þetta allt saman eftir á. Tíminn í nýlistadeildinni var mjög skemmtilegur og að mörgu leyti ævintýralegur og ég hefði ekki viljað missa af honum. En ég hætti hins vegar aldrei að mála þó ég væri að fást við alls konar aðra hluti og ég man reyndar ekki betur en að sumum félögum mínum í nýlistadeildinni hafi þótt ég vera ansi gamaldags að vera að þrjóskast þetta með pensil og striga þegar þeir voru flestir á kafi í alls konar *konsept-pælingum.*“

Listin Er Vinna!

Kristján hélt samt sínu striki og um það leyti sem hann útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum brast síðan á með „nýja málverkinu“ margfræga. Allt í einu var eins og það rifjaðist upp fyrir ungum mönnum og konum um hvað málaralist snýst í eðli sínu og allir fóru að mála af kappi; meira að segja ýmsir gamlir hundar í faginu sigldu

